



Innviðaráðuneytið
Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík

Borg, 16. október 2025

Efni: Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um ökuskírteini nr. 830/2011

Vísað er til tilkynningar stjórnvalda, dags. 2. október sl., þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 194/2025, „Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um ökuskírteini nr. 830/2011“.

Helstu athugasemdir sveitarfélagsins snúa að 1. gr. þar sem ekki verður annað séð en að um verulega íþyngjandi breytingu sé að ræða fyrir bændur á Íslandi og aðra sem nota dráttarvélar við störf sín. Þar sem ekki fylgja gögn í samráðsgátt til rökstuðnings þessari breytingu er erfitt að taka efnislega umræðu en þó viljum við koma nokkrum athugasemdum á framfæri.

Rétt er að benda á að megin notkun þessara véla fer fram utan þéttbýlis og fjölförnustu vega á landinu. Auk þess eru dráttarvélar hægferða tæki sem væntanlega skiptir verulegu máli hvað slysaþættu varðar. Langstærsti notendahópurinn eru bændur að sinna sínum búverkum á sínum jörðum þar sem á álagstímum þarf oft að grípa til utanaðkomandi vinnuafls. Í þessum tilfellum er vandséð að ekki dugi almenn ökuréttindi til aksturs dráttarvéla eins og tíðkast hefur hingað til. Hægt væri að skrifa þessa undanþágu til bænda í reglugerðina.

Um verktaka sem eru að nota dráttarvélar gegnir mögulega öðru máli þar sem þeir eru meira innan um aðra umferð og stundum í beinni samkeppni við aðra verktaka sem gera út annarskonar tæki sem lúta í dag öðrum reglum.

Varðandi framkvæmd og gildistöku þá er ljóst að taki reglugerðin gildi án hóflegs fyrirvara stendur gríðarlega stór hópur bænda og annarra uppi réttindalaus við sína vinnu og getur það ekki talist boðlegt.

Námsframboð til aukinna ökuréttinda er ekki ótakmarkað, námskeið misþétt og geta ökukennara og þeirra sem sinna próftöku takmörkuð. Gangi boðaðar breytingar eftir væri æskilegt að þær tækju alls ekki gildi fyrr en í fyrsta lagi að ári liðnu.



Kostnaður samkvæmt verðskrár ökuskóla við að afla sé fullra réttinda liggur á milli fimm og sex hundruð þúsund krónur auk kostnaðar við próftöku. Bóknám er að mestu hægt að taka í fjarnámi en hluti bóknáms, öll verkleg kennsla og próftaka er bundin við örfáa staði á landinu sem gerir mörgum erfitt fyrir að afla sér þessara réttinda, tekur tíma og kostar ferðalög.

Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjórnar


SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri